

# KÓKOSHNETUR OG TÍUND



Avehei M.,  
11 ára,  
Tahítí, Frönsku  
Pólýnesíu

**H**æ! Ég heiti Avehei. Ég bý á Tahítí! Ég nýt þess að vera í utandyra á eyjunni minni. Ég fer í göngutúra og syndi í ánum og sjónum. Ég nýt þess líka að gera ýmislegt með fjölskyldu minni. Mér finnst gaman að elda, spila borðspil og fara í göngur. Ég hef gaman að knattleikjum og að klifra í trjám með bróður mínum og frændum.

Í sumarfríinu vinn ég með bróður mínum og frændum. Við söfnum saman kókoshnetum og stöflum þeim upp. Við söfnum líka saman visnuðum laufum til að halda lundinum hreinum.

Langafi okkar borgar okkur þegar við vinnum í lundinum. Ég greiði alltaf tíund með peningunum sem ég fæ. Ég lærði af fjölskyldu minni og kennurum Barnafélagsins hvernig á að greiða tíund.

Ég greiði tíund af því að ég veit að ég og fjölskylda mín erum blessuð þegar ég hlýði. Ég er blessuð með fjölskyldu, húsi og falletum heimi umhverfis mig.

Ég veit að Guð lifir og að hann elskar mig. Ég þakka himneskum föður fyrir fjölskylduna sem hann gaf mér. ●



## HVAÐ ER TÍUND?

Meðlimir kirkjunnar gefa kirkju Guðs einn tíunda hluta tekna sinna. Tíundarfé okkar hjálpar við að byggja musteri og kirkjur og liðsinna fólki í nauð. Tíund er ein leið til að miðla öðrum blessunum okkar. Guð gaf okkur þetta boðorð fyrir löngu síðan, á tíma Gamla testamentisins (sjá 1. Mósebók 14:18-20). Að greiða tíund er leið til að sýna himneskum föður elsku okkar til hans.

